

að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hefur ákærði með þessu atferli brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem greind eru í ákæruskjali, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, nú sömu gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða fyrir þetta atferli þykir hæfilega ákveðin með tilliti til lagafyrirmæla um ítrekunaráhrif 15 daga varðhald.

Þá ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, nú 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Ákærði afhenti ökuskýrteini sitt nr. 970 30. júní 1967 í dóminum.

Dráttur hefur orðið á að ljúka málinu, sakir þess að ekki náðist til ákærða, er var fjarverandi mánuðum saman, og vegna anna dómarans.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ole Nordman Olsen, sæti varðhaldi í 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1969.

**Nr. 233/1968. Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Eypóri Magnúsi Kjartanssyni**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

#### Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir upp-sögu héraðsdóms.

Lögreglumennirnir Björn H. Björnsson og Helgi Daniels-

son, sem á eftirlitsferð í lögreglubifreið veittuathygli akstri ákærða og stöðvuðu hann, hafa staðfest skýrslur sínar um sakarefni. Þá hefur Brandur Fróði Einarsson lögreglumaður borið um athuganir sínar á skemmdum, sem bifreið ákærða, M 852, olli á bifreiðinni E 678. Loks hefur eigandi síðarnefndu bifreiðarinnar, Ingvar Þorleifsson verzlunarmaður, lýst akstri ákærða, árekstri bifreiðanna og spjöllum á bifreiðinni E 678. Skýrslur þessar, sem koma heim við atvikalýsingu héraðsdóms, hafa nefnd vitni staðfest með eidi.

Háttsemi ákærða varðar við lagaboð þau, sem í ákæru greinir, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 10 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Það athugast, að í héraðsdómi er ákærða mælt sektarrefsing, enda þótt brot hans sé þar réttilega fært til 4. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958.

#### Dómsorð:

Ákærði, Eyþór Magnús Kjartansson, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað eru staðfest.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. október 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. maí s.l., hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 22. apríl s.l., á hendur Eyþóri Magnúsi Kjartanssyni, Lækjarkoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, fyrir

að aka laugardaginn 27. janúar 1968 undir áhrifum áfengis og án þess að hafa meðferðis ökuskírteini sitt bifreiðinni M 852 frá heimili sínu, Lækjarkoti, Borgarhreppi, sem leið liggur til Akraness og síðan víðsvegar um götur þar í bænum, m. a. um Skólabraut, þar sem ákærði ók utan í bifreiðina E 678 vegna gáleysislegs og of hraðs aksturs miðað við aðstæður, er hann ók fram úr henni á mótum Skólabrautar og Kirkjubrautar, og síðan áfram án þess að sinna frekar um óhappið, þar til lögreglunni tókst að stöðva ákærða á Skagabraut.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr. og 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. maí 1946 að Lambastöðum á Seltjarnarnesi. Hann hefur ekki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málsatvik eru þessi:

Um kl. 2230 laugardaginn 27. janúar 1968 veittu tveir lög-  
reglumenn á Akranesi, sem voru á eftirlitsferð, athygli ljósri Volkswagen-bifreið með skrásetningareinkenninu M 852, þar sem henni var ekið á allmiklum hraða vestur Kirkjubraut þar í bæ og öfugu megin umferðareyju, sem skiptir akreinunum gegnt gatnamótum Skagabrautar. Veittu þeir bifreið þessari eftirför og sáu hana aka á miklum hraða fram úr annarri bifreið í beygju á mótum Kirkjubrautar og Skólabrautar, og virtist þeim öku-  
maður M 852 missa þar vald á bifreiðinni, því að hún rann að nokkru út á hlið með þeim afleiðingum, að hún lenti utan í bif-  
reiðinni E 678, sem var á leið niður Kirkjubraut í sömu aksturs-  
stefnu og M 852, sem ók óhikað áfram, eins og ekkert hefði í skorizt. Við áreksturinn beyglaðist bæði hægra frambretti og stuðari E 678.

Skömmu síðar stöðvuðu lögreglumenn þessir bifreiðina M 852 á Skagabraut. Ökumaður hennar reyndist vera ákærði. Hann hafði ekki ökuskírteini sitt né önnur skilríki meðferðis. Þar sem lögreglumennirnir töldu ákærða sjáanlega undir áhrifum áfengis, færðu þeir hann til blóðtöku. Með ákærða var farþegi, Haukur bróðir hans, sem var einnig drukkinn.

Lögreglumenn, sem skoðuðu bifreiðina M 852 umrætt sinn, fundu skemmd á afturbretti hennar vinstra megin, sem virtist koma heim og saman við skemmdirnar á bifreiðinni E 678.

Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra viðurkenndi ákærði ekki að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn eða við hann umrætt sinn. Hins vegar leiðrétti ákærði þann framburð fyrir rétti 18. marz s.l. og játaði þá að hafa neytt áfengis fram að hádegi akstursdaginn, en kvaðst alls ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn greint sinn.

Vitnið Björn H. Björnsson lögregluvarðstjóri, sem handtók ákærða, ber hins vegar, að ákærði hafi sjáanlega verið undir áhrifum áfengis, þegar lögreglumennirnir komu að honum undir stýri bifreiðarinnar M 852 eftir að hafa veitt henni eftirför um götur á Akranesi.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar á blóðsýnishorni úr ákærða var sú, að í því voru reducerandi efni, er samsvara 1.72% af alkóhóli, en samkvæmt dskj. nr. 5 var blóðsýnishorn tekið úr ákærða kl. 2325, eða u. þ. b. hálfri klukkustund eftir handtöku hans.

Þá er enn fremur tilgreint í skýrslu varðstjóra á dskj. nr. 4, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, jafnvægi hans óstöðugt og málfar þvöglulegt.

Samkvæmt eigin játningu ákærða um áfengisneyzlu sína, af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og skýrslum löggæzlumanna þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er borinn í ákæru, og er brot hans rétt heimfært þar til refsí-ákvæða. Með hliðsjón af öðru því, sem fram hefur komið í málinu, þykir sannað, að ákærði hafi enn fremur ekið utan í bifreiðina E 678 vegna gáleysislegs og of hraðs aksturs miðað við aðstæður greint sinn. Þrátt fyrir gagnstæðan framburð ákærða fyrir rétti 18. marz s.l. þykja gögn málsins og af þeim leiddar sterkar líkur jafngilda sönnun þess, að ákærði hafi gegn betri vitund ekið brott af árekstrarvettvangi án þess að sinna lögskyldum sínum. Eru þessi brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af efnahag söku-nauts þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 2.500.00 sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins að telja að frádreg-

inni 2 mánaða bráðabirgðasviptingu hans frá 15. maí til 15. júlí s.l. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Þorvaldur G. Einarsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Ákærði, Eypór Magnús Kjartansson, Lækjarkoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, greiði 2.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár að frádreginni tveggja mánaða bráðabirgðasviptingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. janúar 1969.

Nr. 143/1968. **Sigrun Karin Holdal**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

gegn

**Péttri G. Jónssyni (Benedikt Blöndal hrl.).**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.**

Kaupgjald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1968, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 325.668.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Vangoldin laun áfrýjanda fyrir störf, er í málinu greinir, þykja hæfilega ákveðin kr. 120.000.00. Ber stefnda að greiða þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 46.000.00.